

Þriðjudaginn 20. júní 1995.

Nr. 177/1995.

Þingeyrarkirkjusókn

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Arnóri H. Hannessyni**Múrklæðningu hf.**

(Þorsteinn Einarsson hdl.) og

Vélsmiðjunni Þristi hf.

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. maí 1995, er barst réttinum 26. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 2. maí 1995. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunarúrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast allir staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta vegna viðgerða, sem fram fóru á Þingeyrarkirkju sumarið 1988 og fram á haustið. Við þær framkvæmdir tóku varnaraðilarnir Múrklæðning hf. og Vélsmiðjan Þristur hf. að sér ákveðin verk, svo sem lýst er í hinum kærða úrskurði.

Í málátilbúnaði sóknaraðila felst, að varnaraðilum verði gert að greiða óskipt skaðabætur vegna galla, sem í ljós hafi komið á kirkjunni eftir nefndar framkvæmdir varnaraðila. Vísar hann til heimildar í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að sækja alla varnaraðila til greiðslu bóta í einu dómsmáli. Fallast ber á með sóknaraðila, að það sé ekki skilyrði samlagsaðildar samkvæmt nefndri lagagrein, að um óskipta sakarábyrgð varnaraðila þurfi að vera að ræða. Þá verður að telja, að kröfur sóknaraðila á hendur varnaraðilum tengist með þeim hætti, að fullnægt sé að öðru leyti skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Sætir málið því ekki frávísun frá héraðsdómi af þessum sökum.

Fallast má á það með héraðsdómara, að málatilbúnaði sóknaraðila sé áfátt og að á skorti, að hann hafi gert svo skýra grein sem skyldi fyrir málsástæðum sínum og kröfum á hendur einstökum varnaraðilum. Á þessu stigi er þó ekki loku fyrir það skotið, að sóknaraðila takist að bæta úr þessu við efnismeðferð málsins. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 2. maí 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 2. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-16/1995: Sóknarnefnd Pingeyrarsóknar gegn Arnóri H. Hannessyni persónulega og fyrir hönd Múrlæðningar hf. og gegn Vélsmiðjunni Pristi hf., sem tekið var til úrskurðar 21. f. m. að loknum munnlegum málflutningi um frávisunarkröf ur stefndu.

Málið höfðaði sóknarnefnd Pingeyrarsóknar, kt. 710269-1309, Pingeyri, Dýrafirði, óskipt til heimtu skaðabóta á hendur Arnóri H. Hannessyni, kt. 210140-2639, Mó aflöt 41, Garðabæ, bæði persónulega og sem stjórnarformanni f. h. stefnda Múrlæðningar hf., kt. 701282-1169, Smiðsbúð 3, Garðabæ, og gegn Jóni Páli Halldórssyni, kt. 021029-4759, sem stjórnarformanni f. h. stefnda Vélsmiðjunnar Prists hf., kt. 510386-1249, Sindragötu 8, Ísafirði, með stefnu, út gefinni 4. janúar 1995, sem birt var stefndu Arnóri og Múrlæðningu hf. 30. s. m., en stefnda Vélsmiðjunni Pristi hf. 2. febrúar s. á., en málið var síðan þingfest hér fyrir dómi 8. s. m.

Stefndu gera þær kröfur um formhlið málsins, að því verði vísað frá dómi og þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt fram lögðum reikningum að viðbættum 24,5% vörðisaukaskatti, að því er varðar stefnda Arnór. Af hálfu stefnanda er þess krafist, að frávisunarkröfum stefndu verði hrundið og þeir dæmdir sérstaklega til að greiða stefnanda málskostnað í þessum þætti málsins samkvæmt fram lögðum reikningi.

Forsendur og niðurstaða.

Samkvæmt 95. gr. einkamálalaga ber stefnanda við þingfestingu máls að leggja fram stefnu og þau skjöl, sem varða málatilbúnað hans eða hann reisir annars kröfur sínar á. Er þannig lagður grunnur að meðferð máls fyrir dómi. Sæki stefndi þá þing, á hann rétt á hæfilegum fresti til að taka afstöðu til krafna stefnanda og kanna fram komin gögn, sbr. 1. mgr. 99. gr. sömu laga. Haldi stefndi uppi vörnum í máli, skal hann leggja fram skriflega greinargerð og önnur þau gögn, er hann styður við málsvörn sína, innan þess frests, er dómari hefur ákveðið, sbr. 2. mgr. Ber dómara síðan að fylgjast með rekstri máls í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem óljóst kann að þykja og þýðingu að hafa við síðari úrlausn málsins, sbr. 3. mgr. 101. gr. einkamálalaga. Dómara ber þó einatt að gæta þess að móta ekki málatilbúnað annars eða beggja aðila, áður en dómur er lagður á mál.

Stefnandi styður óskipta kröfugerð í máli þessu við 1. mgr. 19. gr. einkamálalaga, en þar segir, að heimilt sé að sækja fleiri en einn til ábyrgðar í sama máli, ef dómkröfur eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Tilgangur þessa ákvæðis er að veita ákveðið réttarfarshagræði, sem fæst af því að þurfa ekki að reka mörg mál og endurtaka í lítt breyttri mynd lýsingu málsatvika og málsástæðna, sem reist eru á sömu eða líkum sönnunargögnum. Lagaákvæðið tryggir hins vegar ekki eitt sér, að ábyrgð hinna stefndu verði einatt óskipt. Henni getur verið hagað með ýmsum hætti, þannig, að ýmist eigi við að gera eina kröfu á hendur stefndu öllum eða að gera sjálfstæðar kröfur á hendur hverjum þeirra fyrir sig. Er lagt á herðar stefnanda að sýna fram á grundvöll krafna sinna og hvernig þær tengist, ef slíku er að skipta. Þykir stefnandi máls þessa ekki hafa fært fram rök fyrir óskiptri ábyrgð stefndu í málinu, en það eitt, að þeir áttu allir hlut að máli við framkvæmdir á Þingeyrarkirkju, getur ekki orðið grundvöllur óskiptrar bótaábyrgðar. Verður því fallist á sjónarmið stefndu í málinu.

Þegar litið er til málsatvika, eins og þeim er að framan lýst, og virt eru fram lögð gögn, telur dómurinn einnig mega fallast á það með stefndu, að málatilbúnaði stefnanda sé áfátt. Kemur þá til álita, hvort annmarkarnir séu slíkir, að ekki verði úr bætt í rekstri málsins. Við mat á því er til eftirfarandi atriða að líta: Óljóst er, hvern þátt Steinverk hf. átti að viðgerð Þingeyrarkirkju jafnt sem samningsaðili gagnvart stefnanda beint og sem undirverktaki á vegum stefnda Múrklæðningar hf. Verulega þykir skorta á upplýsingar um efni og atvik að baki verksamninga, annars vegar milli stefnanda og stefnda Múrklæðningar hf. og hins vegar milli stefnanda og stefnda Múrklæðningar hf. og hins vegar milli stefnanda og stefnda Þrists hf. Eins þykir skorta mjög upplýsingar um, hvaða viðgerðir voru gerðar

á Þingeyrarkirkju árið 1992 og hver tildrög voru að þeim framkvæmdum. Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hafi ákveðið að mála kirkjuna þegar árið 1988 og að stefndi Arnór H. Hannesson hafi lagt ríka áherslu á, að slíkt væri gert án tafar og til þess notuð sérstök gerð málningar. Hvort svo hafi verið gert og þá hvenær, liggur hins vegar ekki fyrir um málinu.

Um framangreind atriði mátti stefnanda vera kunnugt, er hann óskaði eftir dómkvaðningu matsmanna 25. maí 1993. Þrátt fyrir þetta hefur lítið verið bætt úr þeim annmörkum í matsgerð. Hvergi er þar reynt að leggja mat á aðskilda verkþætti stefndu Múrklæðningar hf. og Þristis hf. og því engin tilraun gerð til að sundurgreina tjón stefnanda með tilliti til fleiri en eins tjónvalds. Þá þykir skorta rökstuðning fyrir þeim tillögum, sem gerðar eru til úrbóta í niðurstöðukafla matsgerðar og rakin hafa verið hér að framman undir töluliðum 1–6 í málavaxtalýsingu. Kostnaður af viðgerð á grundvelli nefndrar matsgerðar er áætlaður 1.130.000 krónur. Hefur stefnandi gert þá fjárhæð að höfuðstólskröfu í máli þessu án þess þó að rökstyðja, með hvaða hætti stefndu skuli greiða in solidum fyrir málun kirkjunnar, sem þó virðist frá upphafi hafa verið verksamningum þeirra með öllu óviðkomandi.

Að öllu þessu virtu þykja kröfugerð stefnanda og málsástæður svo óljósar og vanreifaðar, að ekki verði úr bætt í framhaldi rekstrar málsins. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt framangreindum úrslitum málsins og með vísan til 129., 130. og 132. gr. einkamálalaga ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu hverjum fyrir sig málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur til stefnda Þristis hf. og 100.000 krónur til stefndu Múrklæðningar hf. og Arnórs hvors fyrir sig. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts á þóknun hins síðastnefnda.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, sóknarnefnd Þingeyrarsóknar, greiði stefnda Vélsmiðjunni Þristi hf. 150.000 krónur í málskostnað og stefndu Múrklæðningu hf. og Arnóri H. Hannessyni hvorum fyrir sig 100.000 krónur.